

54
5. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð um fjallskil í vesturhluta Þingeyjarsýslu 16. júní 1920.

34. gr. fjallskilareglugjörðarinnar orðist þannig:

„Nú finnur maður fje í afrjett, og ber honum þá borgun eftir því, sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu ákveður eftirleitargjöld til þriggja ára í senn, samkvæmt verðlagi sauðfjár á hverjum tíma. Borgun fyrir eftirleitarfje greiðist úr fjallskilasjóði, þar sem hann er, en ella af eiganda fjárins. Fyrir óheimt fje, sem finst í heimalöndum eða við smölun fjár, þótt í afrjetti sje eftir að fjallskilum er lokið, er eigi skylt að greiða fundarlaun.

Sýslunefndin samþykkti þessa tillögu og ákvað eftirleitargjöldin til næstu þriggja ára þannig:

Fyrir lamb hvert	kr. 4 50
— veturgamla kind	— 5 50
— dilká með dilk	— 7 50
— dilká með tveimur dilkum	— 9 00
— dilká, dilklausu eða milka	— 5 00
— gelda á	— 7 00
— sauði tveggja vetra og eldri	— 7 00
— hrút tveggja vetra og eldri	— 9 00

Fyrir áður heimt fje, sem finst í löglegri eftirleit, skal eigandi borga kr. 1,50 fyrir hverja kind á hvaða aldri sem er.

Reglugjörð þessi sem sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefir samið og samþykkt og sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu einnig samþykkt að því er Keldunesshrepp snertir, staðfestist hjermeð samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna til að öðlast gildi 1. október 1924 og birtist til leiðbeiningar öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. sept. 1924.

Magnús Guðmundsson.

Oddur Hermannsson.